

Erindi flutt við afhendingu Eyrardalsbæjarins til Melrakkasetus Íslands ehf. þann 12. júní árið 2010 og opnun sýningar í húsinu.

Súðavík, 12. júní 2010

Kæru vinir,

Það er mér sönn ánægja að vera staddur með ykkur hér í dag og eru tvær góðar ástæður til að gleðjast og fagna. Fyrri ástæðan er að nú munum við taka í notkun þetta stórglæsilega hús sem hér stendur eftir gagngerar endurbætur. Seinni ástæðan er sú að á eftir mun verða opnuð í húsinu sýning Melrakkasetur Íslands.

Sýningin er afrakstur fræja sem sáð voru fyrir mörgum árum en settur ríkulegur áburður á við stofnun Melrakkasetur Íslands í september 2007. Í félaginu eiga hlut einstaklingar, fjölskyldur, sveitarfélög og fyrirtæki og nú er komið að uppskerutíma og mun forstöðumaður félagsins Ester Rut Unnsteinsdóttir fara betur yfi það hér á eftir.

Mig langar til að segja ykkur nokkur sagnabrot frá jörðinni Eyrardal og einnig því húsi sem hér stendur og gengur undir nafninu Eyrardalsbærinn.

Á jörðinni Eyrardal hafa merkir menn haft búsetu um lengri eða skemmri tíma. M.a. bjó hér Jón Ólafsson, vestfirskur bóndasonur sem síðar varð einn þekktasti Íslendingur 17. aldar eftir að hafa skrifað sjálfsævisögu sína sem hann nefndi Reisubók Jóns Indíafara. Jón Indíafari fæddist árið 1593 og tuttugu og tveggja ára gamall lagði hann af stað í ferðalag sem stóð í 11 ár.

Samkvæmt Reisubókinni hélt Jón frá Álftafirði til Englands, hafði viðkomu í London og síðan í Noregi. Á leið sinni til Kaupmannahafnar gerðist hann byssuskytta Kristjáns IV danakonungs. Í þjónustu hans hátignar ferðaðist hann vítt og breitt um heiminn, m.a. til Svalbarða og Hvítahafs í Rússlandi og einnig fyrir Góðrarvonarhöfða til Indlands.

Síðustu árin sem Jón Indíafari lifði fékk hann að búa endurgjaldlaust á konungsjörðinni Eyrardal sem miskabætur fyrir örkuml það sem hann hlaut sem byssuskytta í þjónustu Kristjáns IV danakonungs.

Einnig má nefna Þorlák Hinrik Guðmundsson, sem þekktastur er undir nafninu Hrefnu-Láki, en hann fæddist í Eyrardal 7. desember árið 1877 og bjó þar um skamma stund áður en hann fluttist á jörðina Saura í Súðavík.

Hvað Eyrardalsbæinn varðar, þá keypti Jón Guðmundsson Eyrardal og byggði húsið sem hér stendur og talið er að það hafi verið tekið í notkun árið 1896.

Húsið er 193 fm að stærð, upprunanlega byggt að norskri fyrirmynd, úr viði sem hvalveiðimenn á Langeyri fluttu með sér til landsins. Jón Guðmundsson var giftur Karitas Benediktsdóttir og eignuðust þau eitt barn Sigríði Jónsdóttir sem fæddist árið 1887.

Fljótlega eftir að húsið var tekið í notkun setti Jón á fót verslun í húsinu og rak hana fram til ársins 1914. Eftir opnun hennar lét Jón reisa sérstakt hús undir verslunina sem stóð framan og innan til við Eyrardalsbæinn.

Til gamans má geta þess að leyfi til verslunar utan löggiltra verslunarstaða var á þessum árum háð samþykki sýslunefndar og var Jón í Eyrardal einn fyrsti sveitakaupmaðurinn í Ísafjarðarsýslu.

Ólíkt mörgum öðrum sem reyndu þá efnaðist Jón vel á versluninni, m.a. vegna reksturs hvalveiðistöðvanna og vegna mikils uppgangs og mannfjölgunar í hreppnum um og eftir aldamótin 1900.

Sigríður Jónsdóttir erfði síðan jörðina og húsið af foreldrum sínum og hélt þar áfram búskap til ársins 1947 þegar hún leigði jörðina til Kjartans Jónssonar og Ingibjargar Guðmundsdóttar sem hófu þar búskap og kaupa þau síðan jörðina af Sigríði árið 1956.

Í Eyrardalsbænum búa síðan Kjartan og Ingibjörg til loka ársins 1968 þegar þau flytja úr húsinu í nýgert steinhús sem byggt var örfáa metra neðan til við Eyrardalsbæinn, en það hús var rífið í maí árið 2003.

En þá að endurbyggingu hússins.

Árið 1994 hafði engin ákvörðun verið tekin um endurbyggingu Eyrardalsbæjarins en þá var það Heiðar Guðbrandsson, fyrrum sveitarstjórnarmaður Súðavíkurrepps til margra ára sem fékk gefins timbur frá norsku fyrirtæki sem var sérstaklega ætlað til endurbyggingar Eyrardalsbæjarins.

Þó engin ákvörðun hafði verið tekinn um endurbyggingu hafði Heiðar sterka framtíðarsýn hvað húsið varðar og trúði því að sá tími rynni upp að það yrði endurbyggt. Timbrið geymdi hann til margra ára og er ánægjulegt að segja frá því nú, að timbrið var notað sem grindarefni og að hluta til í klæðningu innanhúss.

Tildrög þess að ákveðið var að ráðast í endurbyggingu Eyrardalsbæjarins má þó rekja til sunnudagsins 14 mars árið 2004 þegar íbúar Súðavíkurrepps héldu sitt fyrsta íbúaping, þar sem mættu um 25% íbúa til að kortleggja framtíð sveitarfélagsins og þar var jafnframt framtíð Eyrardalsbæjarins rædd.

Húsið var þá illa farið og þegar vindur blés hraustlega að suðvestan f auk reglulega spýtnabrák úr þaki og klæðningu hússins og ekki fyrirséð annað en með næstu suðvestan stormum mundi það sem eftir var af húsinu geta fokið á haf út og sjást aldrei meir.

Jafnframt kom fram á íbúapinginu að unglingar höfðu verið uppvísir að því að nýta húsið í óþökk foreldra sinna sem samverustað og var þeim talin hætta af húsinu.

Margir íbúar voru á því að rífa ætti húsið áður en slys yrðu, en þó heyrðust raddir sem vildu leita leiða til að fá fjármagn til endurbyggingar þess, húsið væri merkilegt, ætti sér merkilega sögu og það mætti ekki vanvirða það.

Niðurstaða íbúapingsins var skýr. Leita ætti allra leiða til að tryggja fjármagn og endurbyggja húsið.

Það var síðan um sumarið 2004 sem nefndarmenn fjárlaganefndar Alþingis ásamt fríðu föruneysi vísiteruðu um Vestfirði og sóttu okkur heim.

Sveitarstjórn hafði undirbúið komu þeirra, tekið saman atriðaskrá yfir þau verkefni sem óskað yrði eftir fjármagni til og var farið með nefndina upp að Eyrardalsbænum. Ekki þótti ráðlegt að fara inn í húsið vegna slyshættu og stóðu menn því ofan til við það og virtu það fyrir sér í öryggri fjarlægð.

Húsið var illa leikið en á eins sannfærandi hátt og hægt var, var þess óskað að nefndin mundi nú samþykkja fjárveitingu til hússins á fjárlagaárinu 2005.

Húsið ætti sér merka sögu, væri elsta uppistandandi húsið í Álftafirði, væri eina húsið sem til greina kæmi að gera upp og mundi henta vel til sýningarhalds.

Af svip nefndarmanna að dæma sem horfðu á húsið, sem virtist hanga saman af gömlum vana, var ekki að sjá að ferðin yrði til fjár.

Það var ekki fyrr en Guðjón Arnar Kristjánsson, betur þekktur sem Addi Kitta Gau gekk út úr hópnum, smeygði sér lipurmannlega inn um op á húsinu og hvarf sjónum okkar um stund. Heyrðust þar næst tvö þung högg eins og hoppað væri á gólfi hússins. Eftir smá stund birtist Addi aftur og sagði hátt og snjallt, að þar sem gólfið þyldi hann, þá væri sko nóg eftir af þessu húsi til að byggja upp aftur.

Þá um haustið samþykkti fjárlaganefnd Alþings síðan í samvinnu við húsafriðunarnefnd kr. 4. millj. styrk til endurbyggingar á Eyrardalsbænum á fjárlagaárinu 2005.

Eftir það var ekki aftur snúið.

Húsafriðunarnefnd ríkisins í samvinnu við fjárlaganefnd Alþingsins hefur þannig veitt styrki til endurbyggingarinnar fram til þessa, ásamt því að fengist hafa aðrir ríkistengdir styrkir. Kann ég öllum nefndarmönnum fjárlaganefndar Alþingis og húsafriðunarnefndar bestu þakkir fyrir veittan stuðning.

Einnig hefur Súðavíkurreppur lagt fjármagn til endurbyggingarinnar á móts við framlag ríkisins.

Margir hafa komið að endursmíði hússins og langar mig til að nefna þá hér við þetta tækifæri: Arkitektar hússins eru Grétar Markússon og Stefán Örn Stefánsson starfsmenn Arkitektastofunnar Argos ehf.

Hönnun burðarvirkis var í höndum Gunnars Ólafssonar verkfræðings.

Raflagnir teiknaði Benedikt Benediktsson hjá Verkfræðistofu Jóhanns Indriðasonar og lagnir hannaði Gísli Gunnlaugsson hjá Tækniþjónustu Vestfjarða.

Öll rafmagnsvinna í húsinu var í höndum Bjarna Jóhannssonar rafvirkja og pípulagningarvinna var unnin af AV pípulögnum og síðan af Rörás.

Málningarvinna var í höndum Jóhanns Ævarssonar og fjölskyldu hans undir merkjum Málningarlagersins og Jónbjörn Björnsson sá um alla jarðvinnu.

Byggingarstjóri og aðalverktaki hússins er Magnús Alfreðsson, húsasmíðameistari sem hefur af mikilli fagmennsku og natni gefið hverri fjöl líf í þessu endurbyggða gamla húsi.

Allt upprunnanleg timbur sem heillegt var í húsinu var vandlega yfirfarið, hreinsað og pússað og nýtt aftur ef hægt var.

Innandyra sést það greinilega á klæðningunni og gefur það húsinu óneitanlega sterkan svip og tengingu við gamla tímann þó oft á byggingartíma hússins hafi mér fundist allt of mikið í lagt í að endurnýta það sem í húsinu var.

Mig langar til að biðja ykkur að veita grjóthleðslu í grunni hússins athygli en hún er jafnframt hlaðinn af Magnúsi Alfreðssyni og var samkæmt teikningum áætlað að efri mörk lóðar mundi hylja grjóthleðsluna, en vegna þess hversu áferðarfögur hún er, var ákveðið að leyfa henni að njóta sín til fulls.

Gamli og nýji tíminn mættust við endurbygginguna þegar kom að kyndingu hússins, en á neðri hæð var stór og mikil viðarbrennsluofn sem leiddi hitann í þar til gerðum stökkum milli hæða og milli herbergja hússins.

Við endurhönnun hússins var gert ráð fyrir nútímalegra kyndikerfi með hitakút og pottofnum. Gerðar voru breytingar á þeirri áætlun og settar í staðinn varmadælur sem sjá húsinu fyrir öllum þeim hita sem þörf er á og er því enginn ofn í húsinu. Var það Friðfinnur Daníelsson hjá Varmavélum sem veitti ráðgjöf og sá um uppsetningu á varmadælunum.

Með ofangreindum fyrirtækjum starfaði síðan fjöldi annara starfsmanna og vil ég nota þetta tækifæri og þakka öllum þeim sem komu að endurbyggingu hússins með einum eða öðrum hætti fyrir þeirra framtak og vinnu sem ég tel fyrirtækjum þeirra til mikils sóma.

Endurbótum er að mestu lokið í húsinu en eftir er að mála húsið að utan og innan, setja panil á efri hæð hússins að innanverðu og klára lóðina. Er stefnt að því að þeir verkþættir verði kláraðir á árinu 2011.

Kæru vinir,

Það er mér sönn ánægja við þetta tilefni að afhenda húsið formlega til Melrakkaseturs Íslands ehf sem hefur frá árinu 2007 undirbúið sig undir þennan dag og bið ég forstöðumann félagsins Ester Rut Unnsteinsdóttir að koma hér upp og taka við tákranum handsmíðuðum lykli úr eik sem gerður er af Arnari Guðmundssyni húsasmíðameistara, merktur Eyrardalsbær 2010 og veitir Melrakkasetri Íslands fullan aðgang að Eyrardalsbænum.

Ég vil að lokum þakka stjórn Melrakkaseturs Íslands fyrir ánægjulegt og gefandi samstarf við undirbúning að opnun sýningarinnar og óska félaginu og starfsmönnum þess alls hins besta um ókomin ár.

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps